

Fiskeldi Austfjarða hf.
Vörðu 1
765 Djúpivogur

Reykjavík, 5. febrúar 2021
UST202003-214/H.S.J.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 30.11.2020, hjá Fiskeldi Austfjarða hf.

Þann 30. nóvember sl. fór fram eftirlit í fiskeldi Fiskeldi Austfjarða hf, Fáskrúðsfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu en eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 4.2 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit fyrir undangengið almanaksár og senda eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirliti var skilað í grænu bókhaldi en upplýsingarnar sem þar komu fram voru ekki næganlegar. Rekstraraðili skilaði viðbótargögnum í kjölfar eftirlits. Frávikinu telst því lokið.

Öllum þeim gögnum er vörðuðu framangreint frávik hefur verið skilað síðan vettvangsheimsóknin fór fram. Frávikinu telst því lokið og engra frekari úrbóta krafist.

Virðingarfyllt

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Steinunn Karlsdóttir
sérfræðingur